

Fréttabréf Skýjaborgar

Október 2024 – janúar 2025

Hér fyrir neðan fáir þið innsýn inn í starfið okkar síðustu mánuði í Skýjaborg.

Október – Litir / haust

Í október var unnið með þemum litir og haust. Voru þemum fléttuð inn í leik og starf. Það voru litavikur þar sem unnið var með grunnlitina. Svo var farið í þó nokkrar gönguferðir, tínd laufblöð og annað úr náttúrunni. Gerð voru gersemabox sem börnin gátu tínt í það sem þau vildu eiga. Einnig var búinn til pappír og pappírinn skreyttur með náttúrulegum efnivið sem minnir okkur á haustið. Afraksturinn var nýttur í jólakort til foreldra. Ýmislegt annað var einnig brasað bæði í tengslum við þemað og ekki.



Skólasamstarf

Í september hófst skólasamstarf formlega hjá okkur með sameiginlegri vettvangsferð Rósahóps (árg. 2019) og 1. bekkjar í Álfholtsskóg. Þetta var góð heimsókn sem einkenndist af leik og gleði með vinum okkar í 1. bekk og fengu börnin ávexti og heitt súkkulaði í skóginum. 1. bekkur kom svo í heimsókn til okkar í leikskólann og voru með okkur í leik hluta úr degi. Mikla gleði mátti sjá hjá börnunum að hittast aftur.



Rósahópur (árg. 2019) heimsótti Heiðarskóla 6 skipti í október og nóvember. Þau æfðu sig að fara í skólarútu, fóru í íþróttir, fengu að skoða Heiðarskóla, fara á bókasafnið, leika og vinna með 1. bekk, fara í leikstofu og útiveru. Skólasamstarfi haustanna lauk svo með því að Rósahópur tók þátt í Fullveldishátíð Heiðarskóla, með söngatriði ásamt 1. bekk og stóðu öll börnin sig ljómandi vel og höfðu gaman af. Samstarfið heldur svo áfram núna eftir áramót með fleiri heimsóknum í Heiðarskóla og annarri sameiginlegri vettvangsferð.

Umferðarvika

Við höldum umferðarviku í haust þar sem farið var yfir umferðarreglur og mikilvægi þess að sjást vel í myrkrinu. Innipúkinn ásamt krökkunum í Kátugátu aðstoðuðu í umferðarfræðslunni. Við fengum endurskinsmerki að gjöf frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörg. Síðar í október kom samfélagslögreglan ásamt Lúlla löggubangsa og hitti tvo

Janúar 2025



elstu árgangana. Sú heimsókn vakti mikla lukku og gaf lögreglan öllum börnunum í leikskólanum endurskinsmerki.

Alþjóðlegi bangsadagurinn

Ár hvert höldum við upp á alþjóðlega bangsadaginn í lok október. Þá bjóðum við bangsa velkomna með börnum (og starfsfólki) í leikskólann og höfum náttfatadag.

Hrekkjavaka

Hrekkjavakan verður stærri viðburður hjá okkur með hverju árinu líkt og á öðrum stöðum í íslensku samfélagi. Við höldum búningadag í tilefni hrekkjavöku, skreyttum og svo teygði hrekkjavakan sig vel inn í listasmiðju barnanna þar sem ýmislegt skemmtilegt (og hræðilegt) varð til.

Nóvember – Föt / krummi / jólagjafir

Í nóvember var unnið með þemun föt, krummi og jólagjafir. Uppstoppaður krummi úr Heiðarskóla kom í heimsókn til okkar. En hann hefur kíkt á okkur í nóvember í þó nokkuð mörg ár. Unnin voru ýmis verkefni í tengslum við krumma og einnig fataheiti. Seinnipartinn í nóvember útbjuggu börnin jólagjafir til foreldra sinna.

Foreldraviðtöl

Deildarstjórar tóku foreldraviðtöl í okt/nóv við foreldra allra barna í leikskólanum. Mátti finna í gegnum viðtölin hvað foreldrar eru heilt yfir ánægðir með starfið okkar hér í Skýjaborg.

Blær

Vináttubangsinn okkar Blær á afmæli á Baráttudegi gegn einelti þann 8. nóv. Í tilefni þess fengu allir vera með sinn Blæ í söngstund þar sem var sungið og dansað.

Dagur íslenskrar tungu - Lubbi

Nokkrir viðburðir eru hjá okkur á og í kringum dag íslenskrar tungu. Við fengum skemmtilega heimsókn frá Gunnari Helgasyni rithöfundinum sem ræddi við börnin og sagði þeim sögur. 3. bekkur kom í heimsókn og las fyrir börnin í litlum hópum. Lubbi sem hjálpar okkur að læra íslensku málhjóðin á afmæli þennan dag, fékk hann kórónu og afmælissöng í söngstund í tilefni dagsins.



Janúar 2025

Desember – Jól / vetur



Í desember var einblítt á jóla- og vetrarpema. Við leggjum upp með rólega aðventu. Okkur var boðið að vera viðstödd þegar kveikt var á jólatrénu á Vinavelli. Dansað var í kringum jólatréð og sungið og svo var okkur boðið inn í Stjórnsýsluhúsið og gefnar mandarínur.

Útbúið var jóladagatal fyrir Regnbogabörn. Dagatalið var opnað á hverjum degi fram að jólum í samveru og var inn í því hin ýmsu atriði sem börnin gátu unnið að þann daginn.

Jólaleikrit

Við höfum desember á jólaleikriti í boði foreldrafélagsins. Í ár sáum við leikritið *Jóla kötturinn og dulafulla kistan*. 1. bekkur kom og horfði með okkur líkt og ávallt. Mikil ánægja var með leikritið meðal barna og starfsfólks.

Aðventukaffi



ávéxti og heimagerðar piparkökur sem börnin höfðu bakað og skreytt sjálf.

Litlu jólin

Við höldum litlu jólin þann 12. desember. Jólaballið hófst með rólegri stund þar sem komið var saman í kringum jólatréð og sungin nokkur lög. Í framhaldi var dansað í kringum jólatréð. Fljótlega birtust sex jólasveinar í garðinum. Þeir kíktu inn til okkar, dönsuðu nokkra hringi í kringum jólatréð og gáfu börnunum mandarínur. Jólasveinarnir vöktu lukku hjá flestum en sum börn fengu auka knús frá starfsfólki og horfðu á í smá fjarlægð. Í hádegismat var bayonskinka og meðlæti og ís í eftirrétt.



Janúar 2025
Jólafatadagur

17. desember var jólafatadagur og öll hvött til að mæta í einhverjum jólafötum (ekki sparifötum).

Gjöf

Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar gaf okkur tvo bluetooth hátalara. Þetta var vegleg gjöf sem nýtist vel og fór strax í fulla notkun. Við þökkum foreldrafélaginu kærlega fyrir.

Grænfáninn

Elsti árgangurinn sér um að fara með flokkað rusl (málmar og gler) í grenndargáma þegar þær tunnur eru orðnar fullar hjá okkur. Börnin standa sig vel í þessu verkefni og hafa gaman af.



Við höfum lengi verið nánast plastpokalaus leikskóli og vorum við að sauma fjölnota poka úr gömlum bolum undir blaut föt hjá börnunum. Pokunum hefur fækkað mikið hjá okkur og tókum við ákvörðun að biðja foreldra að hafa poka í kassa barnanna undir blautu fötin. Það hefur skilað sér vel og flest



börnin með poka í kassanum sínum.

Skipulagsdagar

Tveir skipulagsdagar hafa verið frá síðasta á fréttabréfi. Á skipulagsdegi í október hélt starfsfólkið starfsmannafund og deildarfundir þar sem meðal annars var farið í innra mat og undirbúning fyrir foreldraviðtöl. Starfsfólk sat einnig tölvuöryggisnámskeið og kynningu frá slökkviliði á flóttaleiðum, reykskynjurum, teikningum og fleira ásamt verklegri æfingu í notkun slökkvitækja og eldvarnarteppis. Nú í byrjun janúar var svo annar skipulagsdagur þar sem meðal annars var umhverfisnefndarfundur starfsmanna, starfsmannafundur, deildarfundir og hljóðfyrirlestrar með Guðrúnu Öldu í tengslum við breytingar á aðalnámskrá sem gerðar voru 2023.

Janúar 2025

Barna- og starfsmannahópurinn

Þrjú börn hættu hjá okkur á haustönninni og fluttu annað. Við þökkum þeim og fjölskyldum þeirra fyrir samstarfið og óskum þeim góðs gengis á nýjum stað.

Í janúar kom nýr starfsmaður til vinnu, Ágústa Rós. Þjóðum við hana velkomna til starfa. Nú í janúar hefja þrjú 1 árs börn leikskóladvöl í Skýjaborg. Við bjóðum þau og fjölskyldur þeirra velkomin. Með þeim hefjum við þetta nýja ár, 2025, með 33 börnum í leikskólanum, 20 á Regnboganum og 13 á Dropanum. Við eigum svo von á aðeins meiri fjölgun barna þegar fer að líða á vorið.

